

Nýheimar Þekkingarsetur

Ársreikningur 2024

Nýheimar Þekkingarsetur
Litlubrú 2
780 Höfn í Hornafirði
Kt. 640513-1280

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Nýheimar Þekkingarsetur er sjálfseignarstofnun og tilgangur hennar er að stuðla að eflingu félagslegrar virkni, menntunar og menningarlífs á Suðausturlandi skv. 3. grein skipulagsskrár.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur stofnunarinnar námu 43,5 millj. kr. á árinu 2024 og lækkuðu um 26,5 millj. kr. milli ára eða um 38%. Tap stofnunarinnar á árinu 2024 nam 0,5 millj. kr.

Eigið fé stofnunarinnar í árslok nam 19,5 millj. kr. (2023: 20,0 millj. kr.) að meðtöldu stofnfé stofnunarinnar að fjárhæð 1,4 millj. kr.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 2,5 (2023: 2,5).

Stofnaðilar í Nýheimum Þekkingarsetri eru 11 í árslok eins og árið áður. Stofnaðilar í árslok eru:

1. Skólaskrifstofa Hornafjarðar
2. Menningarmiðstöð Hornafjarðar
3. Náttúrustofa Suðausturlands
4. Háskóli Íslands
5. Ríki Vatnajökuls ehf.
6. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu
7. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
8. Matís
9. Háskólafélag Suðurlands
10. Vatnajökulspjóðgarður
11. Vöruhúsið

Stjórn og forstöðumaður hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstöðumaður leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Höfn í Hornafirði, 2025

Stjórn:

Forstöðumaður

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnaðila Nýheima Þekkingarseturs.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Nýheima Þekkingarseturs fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun ársreikninga. Könnun ársreiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst við fáum vitnesku um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Höfn í Hornafirði,

2025

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlag Mennta- og menningarmálaráðuneytisins		24.750.000	28.866.000
Framlag frá SASS vegna samstarfssamnings		7.613.251	9.778.922
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði		2.900.000	2.900.000
Styrkir og framlög		8.236.211	28.430.928
		<u>43.499.462</u>	<u>69.975.850</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna verkefna		7.847.569	18.458.533
Laun og launatengd gjöld	8	28.379.102	31.403.140
Annar rekstrarkostnaður		9.005.238	7.112.787
		<u>45.231.909</u>	<u>56.974.460</u>
Rekstrarafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	1.732.447)	13.001.390
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.579.459	1.036.515
Vaxtagjöld	(	376.400)	(231.005)
Gengismunur	(	956)	(11.984)
		<u>1.202.103</u>	<u>793.526</u>
Rekstrarafgangur ársins	11	<u>(530.344)</u>	<u>13.794.916</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Eignarhlutir í öðrum félögum	9	120.000	120.000
Fastafjármunir		120.000	120.000
Viðskiptakröfur		4.000	261.916
Aðrar skammtímakröfur		231.024	0
Handbært fé		21.080.657	20.884.972
Veltufjármunir		21.315.681	21.146.888
Eignir samtals		<u>21.435.681</u>	<u>21.266.888</u>
Eigið fé			
Stofnfé	10	1.440.000	1.440.000
Óráðstafað eigið fé		18.038.187	18.568.531
Eigið fé	11	19.478.187	20.008.531
Viðskiptaskuldir		607.806	129.997
Aðrar skammtímaskuldir		1.349.688	1.128.360
Skammtímaskuldir		1.957.494	1.258.357
Skuldir samtals		1.957.494	1.258.357
Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.435.681</u>	<u>21.266.888</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	11 (	530.344)	13.794.916
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Veltufé (til) frá rekstri	(	530.344)	13.794.916
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		26.892 (	252.809)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		699.137 (	5.704.239)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		726.029 (	5.957.048)
Handbært fé frá rekstri		195.685	7.837.868
Hækkun á handbæru fé		195.685	7.837.868
Handbært fé í ársbyrjun		20.884.972	13.047.104
Handbært fé í árslok		21.080.657	20.884.972

Skýringar

1. Félagið

Nýheimar Þekkingarsetur („Félagið“) er íslensk sjálfseignarstofnun og er lögheimili hennar að Litlubrú 2 á Höfn í Hornafirði. Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að eflingu félagslegrar virkni, menntunar og menningarlífs á Suðausturlandi skv. 3. grein skipulagsskrár.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlaun tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarféлага samlagsins eru færðar miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar hending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	28.011.654	29.213.060
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.781.579	3.937.393
Önnur launatengd gjöld	2.567.781	2.675.076
Laun vegna verkefna	(5.981.912)	(4.422.389)
Laun og launatengd gjöld samtals	28.379.102	31.403.140
Ársverk	2,5	2,5

9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2024	2023
	Bókfært verð	Bókfært verð
Óskráð hlutabréf, færð á kostnaðarverði:		
Ríki Vatnajökuls	120.000	120.000
	120.000	120.000

10. Stofnfé

Heildarstofnfé samkvæmt samþykktum stofnunarinnar er 1,4 millj. kr.

Skýringar

11. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	1.440.000	4.773.615	6.213.615
Hagnaður ársins	0	13.794.916	13.794.916
Eigið fé 31.12.2023.....	1.440.000	18.568.531	20.008.531
Tap ársins	0	(530.344)	(530.344)
Eigið fé 31.12.2024.....	1.440.000	18.038.187	19.478.187

12. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimt framlög vegna verkefna sem unnin verða á næstu árum eru færð sem fyrirframinnheimtar tekjur.